

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1990

5. mars 1990

237

Nr. 114

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum um páskahelgi 1990.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20:00 10. apríl 1990 til kl. 10:00 árdegis 17. apríl 1990 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

5. mars 1990

Nr. 115

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta 1990.

1. gr.

Á eftirgreindum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnfiskveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990:

1. Frá og með 7. apríl til og með 16. apríl 1990.
2. Frá og með 4. júní til og með 10. júní 1990.
3. Frá og með 1. ágúst til og með 10. ágúst 1990.
4. Frá og með 3. október til og með 9. október 1990.
5. Frá og með 10. desember til og með 31. desember 1990.

Veiðibönn þessi taka ekki til báta minni en 10 brl. sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar, C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.